

Reykjavík, 23. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira. Þskj. 776 – 513. mál.**

### **Umsögn stjórnar Rithöfundasambands Íslands**

#### **Almennar athugasemdir**

Stjórn Rithöfundasambands Íslands hefur frá því að fyrst kom fram sú hugmynd að sameina Þýðingarsjóð, Menningarsjóð og Bókmenntakynningarsjóð verið meðmælt sameiningunni, en jafnframt lagt á það áherslu að til þess að ná fram markmiðinu að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu þá þurfi að koma til umtalsverð hækkun á framlagi ríkisins til þessa málefnis.

Þó svo að það sé ekki gert á fjárlögum ársins 2007 telur stjórnin að þetta fyrsta skref sé mikilvægt og styður því frumvarpið í öllum meginatriðum og leggur áherslu á að það fái afgreiðslu frá Alþingi í vor.

Stjórn RSÍ gerir engu að síður alvarlegar athugasemdir við 4. gr frumvarpsins og leitaði þar eftir álit frá lögfræðingi sambandsins:

#### **III. kafli Greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum 4.gr**

Markmið frumvarpsins er skv. 1. gr. þess að „efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókmenningu hagstæð skilyrði.“ Þrátt fyrir þessi skilgreindu markmið er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að framvegis skuli án sérstakra fjárframlaga úthluta af árlegum bókasafnspeningum á fjárlögum til höfunda, sem eru ríkisborgarar eða búsettir innan Evrópska efnahagssvæðisins fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum, þ.e. vegna útlána og afnota á lestrarsölum. Ákvæði þetta á einungis við um bókasöfn sem rekin eru á kostnað ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Hér er um meginbreytingu að ræða frá núverandi réttarástandi, sem verið hefur við lýði um árabil. Hingað til hefur verið greitt fyrir afnot bóka á íslensku á opinberum bókasöfnum, en með breytingunni er fyrirhugað að greiða fyrir afnot bóka allra höfunda á Evrópska efnahagssvæðinu án tillits til á hvaða tungumáli bækurnar eru útgefnar.

Verði tillögur þessar að lögum leiðir það til þess, að markmið laganna verður ekki lengur að efla íslenskar bókmenntir, heldur bókmenntir eftir höfunda á Evrópska efnahagssvæðinu án tillits til á hvaða tungumáli bækur þeirra birtast, svo framarlega sem þær fyrirfinnist á opinberum bókasöfnum á Íslandi. Jafnframt hefur breytingin í för með sér að það fé sem til



ráðstöfunar er til höfunda bóka á íslensku vegna afnota á bókasöfnum minnkar verulega og stuðningur við íslenskar bókmenntir minnkar. Ákvæðið um greiðslur fyrir afnot bóka á erlendum tungumálum úr sjóðnum er því sýnilega í andstöðu við hin skilgreindu markmið sjóðsins.

Við mat á því hvort óhjákvæmilegt sé að verða við kröfum ESA um að greiða skuli jafnt fyrir afnot bóka á erlendum málum og íslensku ber að líta til margvíslegra sjónarmiða, þeirra á meðal þessara:

- a) Tilgangur greiðslna fyrir afnot bóka á íslensku á opinberum bókasöfnum er að styðja íslenskar bókmenntir.
- b) Rök fyrir því að sérstakar ástæður séu til að styðja íslenskar bókmenntir sérstaklega, en ekki bókmenntir annarra þjóða, er einkum hversu smátt hið íslenska málsvæði er og hversu miklu þarf til að kosta til að viðhalda málinu og verja það. Þetta sjónarmið er viðurkennt í alþjóðlegum samskiptum og má sem dæmi nefna samninga þá sem FJÖLÍS hefur gert við sambærileg samtök í öðrum löndum þar sem samningsaðilar FJÖLÍS hafa fallist á að innheimtufé innheimt hér á landi vegna erlendra verka verði eftir hér á landi til úthlutunar til íslenskra höfunda. Niðurstaðan hefur byggst á sjónarmiðum um smæð hins íslenska málsvæðis.
- c) Vernd tungumála á smáum málsvæðum er hluti af menningarpólitík. Í Evrópurétti er að finna reglur sem viðurkenna undantekningar frá bindandi reglum með rökum um menningarsjónarmið og birtast m.a. í samkeppnisreglum og víðar.
- d) Bókasafnsgreiðslur á Íslandi hafa engin einkenni greiðslna fyrir afnot höfundaréttar. Þær eru ekki byggðar á samningum við réttthafa og njóta ekki verndar í 70 ár eftir lát höfundar. Þær greiðslur sem íslenska ríkið innir af hendi eru einhliða ákveðnar af ríkinu og það er augsýnilega afstaða íslenska ríkisins, að það geti á fjárlögum úthlutað hverri þeirri fjárhæð, sem það ákveður hverju sinni, án nokkurs tillit til höfundanna. Ríkið lítur því svo á að ekki sé um réttindi höfunda að ræða, heldur einhliða ákveðinn styrk, sem afnema má með fjárlögum fyrir einstök ár.
- e) Af framangreindum sjónarmiðum leiðir að ekki kemur til álita að beita ákvæðum Directive 2001/29/EC "on the harmonisation of certain aspects of copyright and related rights in the information society" um bókasafnspeninga. Tilskipunin fjallar um höfundarétt og vernd hans og ekkert annað. Þar sem greiðslur fyrir afnot af bókum á opinberum bókasöfnum hafa engin einkenni höfundaréttargreiðslna og njóta ekki verndar að höfundarétti verða þær ekki skilgreindar sem greiðslur fyrir afnot höfundaréttar.

Rithöfundasamband Íslands telur rétt að vekja athygli á að svo virðist sem allur rekstrarkostnaður sjóðsins verði tekinn af þeim fjármunum sem Alþingi veitir til eflingar íslenskum bókmenntum og bókaútgáfu, sbr. 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Kostnaður við að kynna reglur sjóðsins á löndum Evrópusambandsins og dreifing fjármuna til erlendra höfunda á sanngjarnan hátt mun kosta gífurlega fjármuni og hugsanlega allt það fé sem Alþingi úthlutar til sjóðsins í því skyni að greiða fyrir afnot bóka á opinberum bókasöfnum.


Rithöfundasamband Íslands er þeirrar skoðunar að yfirgnæfandi líkur séu á að kröfur ESA um innleiðingu einhverskonar höfundaréttarsjónarmiða í lög um bókasafnspeninga muni ekki ná



fram að ganga fyrir EFTA dómstólnum, ef rétt verður á málinu haldið af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ekki verður séð af gögnum um aðild Íslands að EES, að forræðið á íslenskri menningarstefnu hafi verið framselt til EES í svo ríkum mæli að afnema verði stuðning við íslenska tungu og íslenskar bókmenntir.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur Rithöfundasamband Íslands mikla áherslu á að fallið verði frá áformum um að draga úr varðveislu og verndun íslenskrar tungu með því að skipta þeirri örmáú fjárhæð sem rennur til greiðslu fyrir afnot af íslenskum bókum á bókasöfnum til erlendra höfunda. Fari svo að stjórnvöld treysti sér ekki að standa gegn kröfum ESA að þessu leyti er lagt til að sett verði sérstök lög um greiðslur fyrir afnot bóka á erlendum tungumálum, enda eiga þær ekki heima í lögum um eflingu íslenskra bókmennta. Ennfremur kæmi til greina að taka mál þetta allt til endurskoðunar og greiða höfundum fullt verð fyrir afnot bóka á bókasöfnum og byggist slíkt fyrirkomulag á höfundaréttarlegum samningum við þau félög sem gæta réttar höfunda, einkum Rithöfundasamband Íslands, eða við einstaka höfunda. Þetta myndi að vísu auka kostnað af rekstri bókasafna verulega, en jafnframt auka tekjur íslenskra höfunda.

F.h. Rithöfundasambands Íslands



Ragnheiður Tryggvadóttir  
framkvæmdastjóri